



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi
Erindi nr. Þ 131/856
komudagur. 24. 2. 2005*

**Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
105 Reykjavík.**

Reykjavík 23. febrúar 2005

Efni: Umsögn frumvarp um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FFSÍ vill beina athygli að 6. grein frumvarpsins og þeirri staðreynd að þrátt fyrir göfugan tilgang frumvarpsins, sem var að sporna við brottkasti, þá leiði reynslan það í ljós við nánari skoðun, að þeir sem skili svokölluðum Hafró afla í land séu að langstæstum hluta aðilar sem ráða yfir litlum sem engum aflaheimildum. Hefbundar útgerðir með heimildir í sæmilegum takti við veiðigetu komast varla á blað. Því eru í raun engar ýkjur að segja að gert sé sérstaklega út á Hafró aflann, enda eru 20 % af aflaverðmæti þorsks ekki ýkja langt frá því verði sem svokallaðir leiguliðar (verktakar) eru í raun að fá fyrir aflann, að frádreginni leigu frá degi til dags. Eins og sjá má á gögnum er þorskur uppistaða þess afla sem um er að ræða og því spurning hvort upphaflegum tilgangi sé náð, ellegar að einungis sé með þessu verið að stuðla að veiðum umfram kvóta þannig að í raun sé heildarniðurstaðan neikvæð.

Virðingarfyllst,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason